

Svalbarðsstrandarhreppur
Árni K. Bjarnason,
sveitarstjóri
Ráðhúsinu
601 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. júní 2008
Tilvísun: UST20080500099/sf

Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020

Vísað er til bréfs Svalbarðsstrandarhrepps dags. 16. maí sl. þar sem fram kemur að auglýst hefur verið tillaga að aðalskipulagi sveitarfélagsins ásamt umhverfisskýrslu og að athugasemdafrestur sé til 26. júní. Einnig kemur þar fram að nokkrar breytingar voru gerðar á tillögu að aðalskipulagi í kjölfar umsagna sem bárust frá umsagnaraðilum, m.a. Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun telur að aðalskipulagstillagan sé að mörgu leyti vel unnin en gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

Náttúruverndarsvæði

Eins og fram kemur í greinargerð með aðalskipulagstillögunni eru engin friðlýst svæði eða önnur svæði á náttúruinjasrá innan sveitarfélagsins. Þar eru heldur engin svæði sem vinna skal að friðlýsingu að samkvæmt náttúruverndaráætlun 2004-2008 eða svæði sem lagt er til að verði friðlýst í skýrslu Umhverfisstofnunar „Náttúruverndaráætlun 2004-2008 – Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar“. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í texta greinargerðar með aðalskipulaginu er vísað til Náttúruverndaráætlunar 2003-2008, en gildistími hennar er 2004-2008.

Í sveitarfélaginu eru vistkerfi sem falla undir ákvæði 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þ.e. Veigastaðavatn, Tungutjörn og Svalbarðstjörn á Svalbarðseyri og nokkur votlendissvæði á Vaðlaheiði. Tjarnirnar og votlendi eru innan svæðis sem nýtur hverfisverndar samkvæmt skipulagstillögunni. Umhverfisstofnun telur að gera eigi betur grein fyrir þeim votlendissvæðum sem falla undir fyrrgreint ákvæði laga um náttúruvernd. Stofnunin vekur athygli á að votlendi eru mikilvægt búsvæða fugla, smádyra og plantna, og byggja fjölmargar tegundir tilvist sína á því. Mýrar hafa þó víða verið ræstar fram og því lítið orðið eftir af ósnortnu votlendi. Benda má á að íslensk stjórnvöld hafa markað stefnu um vernd votlendis og lagt aukna áherslu á endurheimt votlendis, sbr. stefnumörkun um sjálfbæra þróun. Umhverfisstofnun hvetur því til þess að í aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps verði mörkuð stefna um vernd þeirra votlendissvæða sem eru innan

sveitarfélagsins.

Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns

Í kafla 5.3.1 í greinargerð með skipulagstillögunni kemur fram að stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki B (lítið snortið vatn) og að öll vötn og tjarnir eru felld undir flokk A (ósnortið vatn), sbr. skilgreiningu í 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Þrátt fyrir það segir í einnig í greinargerðinni að stefnt sé að því að sveitarstjórn (heilbrigðisnefnd), í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun, flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að þar sem sett eru fram langtímamarkmið um flokkun vatnasvæða í skipulagstillögunni ætti fremur að stefna að því að gerð verði úttekt til að sannreyna flokkun vatnasvæða. Samkvæmt stefnumörkun skipulagsins ætti því fremur að stefna að því að „sveitarstjórn (heilbrigðisnefnd), í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun, *meti ástand vatnasvæða* í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna“.

Í kafla 5.3.2 er vísað til reglugerðar um mengun vatns nr. 796/1999 en þar ætti að standa reglugerð um *varnir gegn* mengun vatns.

Efnistökusvæði


Í kafla 4.13 í greinargerð er fjallað um efnistökusvæði og kemur þar fram að engin efnistökusvæði séu innan sveitarfélagsmarka en jafnframt að hugsanlega þurfi ný efnistökusvæði að vera í samræmi við aðalskipulag. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ný efnistökusvæði geta fallið undir undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum en það kemur ekki fram í greinargerðinni.


Veitur

Í kafla 6.2, Veitur, er vísað til heilbrigðisreglugerðar nr. 536/2001 en reglugerð með því nafni er ekki til. Reglugerð nr. 536/2001 fjallar um neysluvatn og er markmið hennar að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint. Í þeirri reglugerð er ekki fjallað um rotþær eins og ætla mætti af texta greinargerðar með aðalskipulagstillögunni. Um rotþær gilda ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru. Einnig mætti vísa til leiðbeininga Umhverfisstofnunar um rotþær og siturlagnir. Ákvæði um vatnsból er að finna í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, ásamt síðari breytingum.

Í kafla 6.2 er vísað til kafla 5.3 til nánari umfjöllunar. Samræmingar þarf að gæta í þessum köflum hvað varðar tilvísanir í reglugerðir.

Virðingarfyllst


Sigríós Friðriksdóttir
fagstjóri


Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.